

AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulagsbreyting í Austurbyggð á Selfossi.

Bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti þann 9. júlí 2020 breytingu á deiliskipulagi Austurbyggðar á Selfossi.

Skipulagsbreytingin markast af Engjalandi í norðri og vestri, Austurhólum í austri og Akralandi í suðri. Breytingin nær til fjölbýlishúsalóða við Austurhóla og Engjaland. Lóðum fækkar um eina og verða sjö. Stærðir lóða og fjöldi íbúða á hverri lóð breytast og fækkar íbúðum úr 220 í 211 í heild. Aðkomur að lóðum breytast og fjölga um tvær.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. skv. 42. gr. og 1. mgr 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Selfossi, 12. október 2020.

Sigurður Andrés Þorvarðarson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 13. október 2020